



Alþingi
Erindi nr. P 140/131
komudagur 14.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.11.2011
Tílvísun: 201111-0004

Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt (skuldaeftirgjafir). Mál nr. 41

Alþýðusamband Íslands styður samþykkt þessa máls m.a. á þeim forsendum sem fram koma í greinargerð um nauðsyn gegnsæis og skýrleika. ASÍ veur jafnframt athygli á því, að skv. meginreglu skattalaga eru allar tekjur, gjafir, arfur og annað það sem veruleg áhrif hefur á framfærslu manns og eignir, framtalsskylt óháð skattskyldu. Eftirgjöf skulda fellur skýlaust í þann hóp. Það væri því eðlilegt að ekki væri um tímabundið bráðabirgðaákvæði í skattalögum að ræða heldur varanlega breytingu.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sími nr.1 • Reykjavík
Sími 886 0000 • Fax 886 8651
asi@asi.is • www.asi.is



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 140/95
komudagur 11.11.2011

Reykjavík 11. nóvember 2011
Tilvísun FLE 28-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 90/2003 um tekjuskatt, 41 mál.

Með tölvupósti dags. 3. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Nefndin mælir gegn því að ákvæði þau sem fram koma í frumvarpinu séu sett inn í skattalög. Ef löggjafinn sækist eftir slíkri upplýsingaöflun þá sé eðlilegra að gera það með öðrum hætti en að slíkt ákvæði sé í skattalögum, enda hefur þessi upplýsingaöflun ekkert með skattamál að gera.

Það skal þó tekið fram að ekki er tekin nein efnisleg afstaða til málsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 140/768
komudagur 9.12.2011

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. desember 2011
Tilvísun: 2011111208PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 3. nóvember 2011 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (þskj. 41, 41. mál á 140. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að við löggin bætist ákvæði um skyldu til að greina frá skuldaeftirgjöfum á skattframtali, sem og um að í álagningarskrá og skattskrá skuli tilgreina skuldaeftirgjafir sem gjaldandi hefur þegið og eru að fjárhæð 100 milljónir króna eða meira ásamt upplýsingum um hvaðan þær stafa.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að af framangreindu sé brýn samfélagsleg nauðsyn. Persónuvernd leggur ekki mat á það. Jafnframt er hins vegar tekið fram að ef talið er sýnt fram á umrædda nauðsyn eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

Þórður Sveinsson



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/347
komudagur 18.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	17. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 3. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt (skuldaeftirgjafir), 41. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Sumur Ástam
Stjórnsetur



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 140/58
komudagur 7.11.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. nóvember 2011 R2011110007
T-ums 34/11

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003,
um tekjuskatt, með síðari breytingum - 41. mál, þskj. 41.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. nóvember 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Með frumvarpinu er lagt til að við framtalsgerð árin 2012 til 2016 skuli framtalsskyldir aðilar tilgreina allar skuldaeftirgjafir sem þeir hafa fengið, óháð því hvort að eftirgjöfin teljist til tekna eða ekki. Lagt er til að ríkisskattstjóri ákveði framtalsmátann. Jafnframt er lagt til að í álagningar- og skattskrá verði tilgreindar þær skuldaeftirgjafir sem gjaldandi hefur þegið og eru að fjárhæð kr. 100 milljónir eða meira ásamt upplýsingum um hver hafi felld skuldarnar niður.

Í álagningar- og skattskrám eru birtar upplýsingar um álagningu opinberra gjalda og eftir atvikum ákvörðun sérstakra bótagreiðslna. Birting einstakra upplýsinga úr framtölum - hversu áhugaverðar sem þær kunna að vera - væri verulegt frávík frá því fyrirkomulagi sem um þær upplýsingar hefur gilt frá upphafi. Álagningar- og skattskrár eru til þess eins hugsaðar að birta upplýsingar um niðurstöðu álagningar reikningslega séð en ekki til birtingar á einstökum upplýsingum um hvernig tilteknir reitir á framtölum hafi verið útfylltir, hvort heldur það væru áritaðar upplýsingar af hálfu ríkisskattstjóra eða framteljandi fyllti slíkar upplýsingar sjálfur út. Ef sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu væri samþykkt er ljóst að með slíku skrefi væri jafnframt verið að opna fyrir að ýmsar aðrar upplýsingar birtust í álagningar- og skattskrám eftir ákvörðun hverju sinni, sem er í eðli sínu óheppilegt fyrirkomulag. Standi vilji Alþingis til slíkra birtingar er heppilegra að það verði gert með öðrum hætti, svo sem á vefsíðu ríkisskattstjóra

Augljóst er að ef tillagan verði samþykkt muni það kalla á breytingar á tölvukerfum og framsetningu upplýsinga af hálfu ríkisskattstjóra. Kostnaður vegna þess er á þessu stigi alveg ófyrirséður en ljóst er þó að slíkt mun kosta nokkra fjármuni.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 140/145
komudagur 15.11.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (skuldaeftirgjafir), 41. mál

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 41. Í frumvarpinu er lagt til að skattkerfið verði nýtt til að auka gagnsæi og flýta því að upplýsingar verði birtar um það hverjir hafi fengið skuldaeftirgjafir yfir 100 m.kr. og frá hverjum með birtingu í álagningarskrá og skattskrá. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að mikil tortryggni ríki í samfélaginu um starfsemi fjármálastofnana, afskriftir og niðurfærslu lána. Forsenda þess að dregið verði úr þessari tortryggni og vantrausti sé að meðferð fjármálastofnana á lánnum viðskiptavina verði gerð lýðræðisleg og gagnsæ.

Það er mat Samtaka atvinnulífsins að upplýsingaveita um þá sem þegið hafa skuldaeftirgjafir að fjárhæð 100 m.kr. eða meira og frá hverjum dugi skammt til að draga úr tortryggni og vantrausti á fjármálastofnanir. Takmarkaðar upplýsingar af þessu tagi geta þvert á móti aukið tortryggni. Forsendur og rökstuðningur eftirgjafar hljóta að skipta mestu máli og án upplýsinga um þær fá lesendur álagningarskrár og skattskrár ekki ráðið í hversu réttlætanager viðkomandi skuldaeftirgjafir eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

18.1.2012 frá Samtökum fjárm. fyrirtækja
v. 41. mál.

Alþingi
Erindi nr. P 140/930
komudagur 18.1.2012

Staða endurútreiknings fyrirtækjalána

nóv.11

	Samtals
Lán sem eru lögmæt og ekki er áformað að endurreikna	2643
Lán sem óvissa er um	4318
þar af fjármögnunarleiga	3356
Lán sem ákveðið hefur verið að endurreikna en ekki er búið, þ.e. lán sem talin eru ólögmæt í ljós dóma	5727
þar af fjármögnunarleiga	4351
Lán sem hafa verið endurreiknuð	4537
Lán þar sem ákveðið hefur verið að bjóða viðskiptavinum endurútreikning óháð lögmæti	1031
Heildarfjöldi erlendra/gengistryggðra lána	18256

	Samtals
Lán sem eru lögmæt og ekki er áformað að endurreikna	1454
Lán sem óvissa er um	1386
þar af fjármögnunarleiga	-
Lán sem ákveðið hefur verið að endurreikna en ekki er búið, þ.e. lán sem talin eru ólögmæt í ljós dóma	2681
þar af fjármögnunarleiga	1746
Lán sem hafa verið endurreiknuð	2812
Lán þar sem ákveðið hefur verið að bjóða viðskiptavinum endurútreikning óháð lögmæti	742
Heildarfjöldi fyrirtækja	9075

Flokkun eftir úrræðum, staða í lok nóvember 2011

Upplýsingar frá Arionbanka, Byr, Íslandsbanka, Landsbanka og MP banka

	Lokið	Afgreitt frá lánanefnd	Í vinnslu	Fjöldi mála alls	Heildarfjárhæð niðurfærslu, m.kr
Sértæk úrvinnsla stærri fyrirtækja (>1000 m.kr)	143	21	104	268	674.466
Beina brautin	521	216	163	900	59.854
Önnur úrræði fyrir minni fyrirtæki (<1000 m.kr.)	1.886	142	378	2.406	164.996
Samtals	2550	379	645	3.574	899.316

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2011

Efni: Umsögn - Þskj. 41, 41. mál.

Samtökum lánþega hefur borist ósk frá nefndasviði Alþingis hvar sent er til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

Erindið barst skrifstofu Samtaka lánþega þann 3. nóvember.

Samtök lánþega gera örfáar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Í fyrsta lagi telja samtökin ekki ástæðu til að greina á milli lánþega eftir upphæðum niðurfellinga, heldur eigi eingöngu að tilgreina niðurfellingu lána sem telst skattskyld, í skilningi laga. Óskattskyld niðurfelling á að mati Samtaka lánþega ekki erindi inn í skattskýrslu, enda ætti slík niðurfelling að eiga sér eðlilegar ástæður, s.s. vegna leiðréttingar á áður ólöglega gengistryggðum lánnum.

Þá telja Samtök lánþega að í frumvarpinu ætti að koma fyrir ákvæði hvar tilgreint væri að hve miklu leyti innistæður hafa verið af ríkissjóði tryggðar umfram lagaskyldu, og þar með skylda aðila sem slíkra gjafagerninga nutu úr hendi ríkissjóðs, að telja það gjafafé til skatts. Með slíku ákvæði væri tryggt jafnræði milli aðila, hvort heldur þeir fengu niðurfelldar skuldir, sem annars hefðu átt að standa, eða fengu ríkistryggðar inneignir, sem annars hefðu verið tapaðar. Hvort tveggja fellur undir þá meginreglu skattalaga að hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs, skuli teljast skattskyldar tekjur. Sama á við, og er sérstaklega tilgreint, að hvers konar aðrar skaðabætur og váttryggingabætur, skuli teljast sem skattskyldar tekjur.

Er því lagt til að orðalagi 1. gr. verði breytt í þá veru að ekki sé tilgreind lágmarksfjárhæð, heldur eigi framtalsskylda eingöngu við niðurfelldar skuldir sem með lögum má innheimta. Að sama skapi er lagt til að við bætist ákvæði sem taki sérstaklega á framtalsskyldum bótum vegna innistæðutrygginga.

Að öðru leyti er hvatt til þess að frumvarp það er hér er til umsagnar, verði að lögum með samþykki Alþingis.

Með vinsemi,

f.h. Samtaka lánþega


Digitally signed by Guðmundur
Andri Skúlason
DN: cn=Guðmundur Andri
Skúlason, o, ou=Samtök lánþega,
email=gandri@lanthegar.is, c=IS
Date: 2011.11.16 15:43:29 Z

Guðmundur Andri Skúlason



Alþingi
Erindi nr. P 140/61
komudagur 9.11.2011

9. nóvember 2011
SI-79784

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með tölvupósti dags. 3. nóvember 2011, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt (skuldaeftirgjafir), 41. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði við lög um tekjuskatt bráðabirgðaákvæði um að þeir sem hafa fengið eftirgjöf skulda sem nemur meira en 100 m.kr. skuli tilgreina það við framtal til skatts.

Umrætt efni er ekki á sérsviði Seðlabankans. Bankinn gerir því ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/202
komudagur 16.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt. (41.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér framtalsskyldu vegna skuldaeftirgjafar.

Ofangreint frumvarp mælir fyrir um bráðabirgðaákvæði í lög um tekjuskatt sem skyldar framtalsskylda aðila til að telja fram alla eftirgjöf skulda, hvort sem hún er talin til tekna eður ei. Frumvarpið er sett fram til að mæta þeirri tortryggni sem vaknað hefur vegna skuldaeftirgjafar og þeirri leynd sem hefur ríkt í kringum slíka eftirgjöf. Rétt er að leynd getur ýtt undir tortryggni sem seinkar ferlinu í heild, gagnsæi er vissulega mikilvægt og sérstaklega á tímum uppbyggingar, byggja verður grunn undir samfélag sem lært hefur á reynslu en endurtekur ekki fyrri mistök.

Hins vegar verður að skoða vel þá aðferðarfræði sem lögð er til. Sú upplýsingaöflun sem um ræðir hefur í raun ekkert með skattamál að gera og því ekki eðlilegt að skattframtal aðila sé vettvangur hennar og því þá heldur að ákvæði sem þetta eigi heima í lögum um tekjuskatt. Ekki getur það heldur talist eðlilegt að upplýsingar sem þessar séu sóttar með beinum hætti í framtal aðila. Fram að þessu hefur almennt séð ekki verið hægt að sækja upplýsingar um einstaka liði í framtölum, aðeins reikningslegar upplýsingar. Ekki verður séð að mikilvægi þessara upplýsinga sé slíkt að það réttlæti breytingar á þeim starfsháttum. Réttara væri að þessara upplýsinga væri leitað með öðrum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái ekki fram að ganga en að leitast verði annarra leiða til að fá fram þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Þórdís Bjarnadóttir", is positioned above a horizontal line.

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands